

## Elsa Þórdís Óskarsdóttir (1937-2020), húsfreyja á Akureyri.

Afhending 2021/15

Elsa Þórdís Óskarsdóttir fæddist 8. maí 1937 í Tumabrekku í Óslandshlíð, Skagafirði og lést 23. desember 2020.

Foreldrar hennar voru Óskar Stefán Gíslason f. 24. janúar 1907, d. 27. maí 2001 og Ásta Pálína Hartmannsdóttir f. 10. ágúst 1911, d. 25. ágúst 1981.

Elsa ólst upp hjá foreldrum sínum í þúfum í Óslandshlíð. Hún gekk í farskóla í Hlíðarhúsi, samkomuhúsi sveitarinnar, og var síðar í Kvinnaskólanum á Löngumýri.

Elsa fluttist til Akureyrar til að fara í vist en gerðist svo starfsstúlka á Berklahælinu á Kristnesi og síðar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Eftir að hafa verið heimavinnandi um skeið vann hún hjá Útgerðarfélagi Akureyrar. Síðar vann hún hjá Hrímnri og í Kjarnafæði.

30. maí 1963 giftist Elsa Ingimar Kr. Skjöldal, lögreglumanni, f. 29. mars 1937, d. 18. júlí 2005.

Það var Dýrleif Skjöldal, dóttir Elsu, sem afhenti skjölin og er þetta fyrsta afhendingin sem kemur frá Elsu. Áður hafði safnið fengið til varðveislu skjöl frá Ingimar, manni Elsu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

28. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

## Geymsluskrá

Skjalaf.	Askja	Örk	Tímabil	Efni
----------	-------	-----	---------	------

2021 / 15

**A-Elsa Þórdís Óskarsdóttir****A-Elsa Þórdís Óskarsdóttir****1953 - 1954**

A	1	1	1953 - 1954	Bók með skólaminningum frá Húsmæðraskólanum á Löngumýri.
---	---	---	-------------	--